

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 26/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/fasteignatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á þakrennu af völdum snjóþunga þann 12.12.1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26.1.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 30/2000.
3. Tjónstilkynning, dags. 14.12.1999.
4. Bréf X, dags. 9.2.2000.
5. Skilmálar fasteignatryggingar.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu gaf þakrenna sig af völdum snjóþunga á bílskúr við húseign M í Reykjavík. Í málskoti lýsir M atvikum nánar á þann veg að snjór og klaki hafi safnast á þak og sligað niður þakrennu og þakrennubönd af þunganum. Krefst hann bóta úr snjóþungatryggingu sem er innifalin í fasteignatryggingu sem hann hefur keypt hjá tryggingafélaginu. Félagið hefur hins vegar hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 1. gr. í skilmálum fyrir téða snjóþungatryggingu segir að vátryggingin bæti “tjón á vátryggðri húseign sem er afleiðing af skyndilegum snjóþunga sem sligað hefur þak eða vegg hennar.” Eins og að ofan greinir lýsir M atvikum svo að snjór og klaki hafi safnast á þak bílskúrsins. Þakrenna og þakrennubönd hafi svo sligast undan þunganum. Af lýsingu þessari verður ekki ráðið að skyndilegur snjóþungi hafi sligað þak bílskúrsins umrætt sinn. Ekkert liggur heldur fyrir í málsgögnum um að snjókoma hafi verið slík áður en þakrennan brast að ætla megi að skyndilegur snjóþungi hafi sligað hana og þakrennubönd. Tjón M telst því ekki vera bótaskyld úr snjóþungatryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyld úr snjóþungatryggingu fasteignatryggingar hans hjá X.

Reykjavík, 29. febrúar 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.